

Fundargerð 100. fundar.

100. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Garðatorgi 7 í Garðabæ þann 3. september 2013 kl. 14.00.

Í fundinum tóku þátt Guðmundur H. Einarsson, Þorsteinn Narfason, Árný Sigurðardóttir, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Páll Stefánsson, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024

Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 10. júlí 2013 þar sem óskað er umsagnar um breytingartillögur á svæðisskipulagi. Kynningartími er frá 8. ágúst 2013 til 19. september 2013. Fram kemur að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa gert með sér samkomulag um heildar endurskoðun á svæðisskipulaginu og að sá undirbúningur er hafinn en áætluð verklok eru tvö ár. Breytingatillögur sem nú eru til umfjöllunar eru tilkomnar vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur og breytingum í Bláfjöllum sem tengjast breytingum á aðalskipulagi Kópavogs.

Heilbrigðisnefndir senda sínar umsagnir um breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

2. Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Tillaga

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 8. ágúst 2013 þar sem vakin er athygli á kynningu á tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Heilbrigðisnefndirnar veita umsagnir.

3. Vatnsverndarsvæði.

HHK gerði grein fyrir eftirliti með starfsemi í upplandi Kópavogs 2013.

Isavia, fjarskiptastöð í Bláfjöllum (neyslugeymir fyrir olú)

Þríhnúkar ehf., ferðaþjónusta

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Svifflugfélag Íslands

Orkuveita Reykjavíkur

4. Þjóðvegir um vatnsverndarsvæðið

Lagðar fram og ræddar upplýsingar frá lögreglu og slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um atvik og óhöpp tengdum akstri um vatnsverndarsvæðið:

a. Atvik á Heiðmerkursvæðinu 2004 til 2012

b. Gögn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem tekin voru saman í mars á þessu ári um útköll á Heiðmerkursvæðinu á tímabilinu 2004 til 2012. Á því tímabili var slökkviliðið kallað 47 sinnum á vettvang og þar af voru 8 útköll vegna mengunar.

c. Gögn frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um skráð umferðaróhöpp á Bláfjallavegi milli Krísuvíkurveggar og Bláfjallaleiðar. Fimm atvik hafa orðið á þessu ári (1. janúar til 31. júlí) þar sem ökutæki hafa farið útaf Bláfjallavegi og oltið á vegarkaflanum (417-02) frá Krísuvíkurvegi að Bláfjallaleið (407-01).

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

5. *Endurskoðun heilbrigðissamþykktar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu*

Lagt fram að nýju bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 27. maí 2013 um endurskoðun heilbrigðissamþykktar um vatnsvernd.

Ákvæði núverandi samþykktar voru rædd og þau áhersluatriði er fram komu í bréfi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjórnin telur að ekki sé hægt að skilja á milli samþykktar og svæðisskipulags vatnsverndar með góðu móti og því verður hún að líta svo á að ekki sé að vænta breytinga á núverandi svæðisskipulagi í sinni umfjöllun. Ef áform eru um tillögur að breytingum á skipulaginu þurfa þær því að berast framkvæmdastjórninni sem fyrst. Heilbrigðisnefndir munu síðan skoða þörf á breytingum á heilbrigðissamþykkt. Umfjöllun framkvæmdastjórnar er ekki lokið og verður málið tekið fyrir að nýju.

6. *Önnur mál.*

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði grein fyrir húsbruna á verndarsvæðinu. Gamall sumarbústaður brann á svæði Fjárborgar. Í ljós kom að eignarhald er óljóst er fara átti í hreinsunarstarf.

Rætt um aðalskipulag Mosfellsbæjar sem kom ekki til formlegrar umsagnar í heilbrigðisnefndum.

Fundi lauk kl. 15:45.